



Til fjölmiðla

SÍDA: 1/2
DAGS 17.10.2017

LÖGBANNSMÁL

Í tilefni af fjölmiðlaumfjöllun um lögbann sem embætti Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu lagði við því að Útgáfufélag Stundarinnar ehf. og Reykjavík Media ehf. birti fréttir eða aðra umfjöllun, sem byggð er á eða unnin upp úr gögnum eða kerfum gerðarbeiðanda, Glitnis HoldCo ehf., sem undirorpin eru trúnaði skv. 58. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, telur embættið þarft að útskýra lagalegu hlið málsins, sem litla umfjöllun hefur fengið.

58. gr. laga um fjármálafyrirtæki sem hér er vitnað til er skýr. Í 1. mgr. segir að stjórnarmenn fjármálafyrirtækis og aðrir tilteknir aðilar séu bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa síns og varðar viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna þess... Í 2. mgr. segir: „**Sá sem veitir viðtöku upplýsingum af því tagi sem um getur í 1. mgr. er bundinn þagnarskyldu með sama hætti og þar greinir.**“

Á <http://ruv.is/frett/krofdust-logbanns-til-ad-verja-vidskiptavini> kemur fram að talið er að umrædd gögn geymi upplýsingar um persónulegan fjárhag þúsunda fyrrverandi viðskiptavina Glitnis banka.

Samkvæmt 24. gr. laga um kyrrsetningu- og lögbann nr. 31/1990 má leggja lögbann við byrjaðri eða yfirvofandi athöfn ef sá sem krefst lögbanns sannar eða gerir sennilegt að athöfn brjóti eða muni brjóta gegn lögvörðum rétti hans, að aðili sem lögbannskrafa beinist gegn hafi hafist handa um athöfn þá sem krafist er lögbanns við eða ætli að gera

það og að réttindi hans muni fara forgörðum eða verða fyrir teljandi spjöllum, verði hann knúinn til að bíða dóms um þau.

SÝSLUMAÐURINN

Lögbann er þannig bráðabirgðaúrræði sem kveður á um heimild til bráðabirgðaverndar réttinda með því að tryggja tiltekið ástand meðan aflað er úrlausnar dómstóla um þau. Eðli málsins samkvæmt þarf að taka skjóta ákvörðun í slíkum málum og úrræðið gerir aðeins að takmörkuðu leyti ráð fyrir að farið sé djúpt í efnisatriði máls. Það mat fer fram hjá dómstólum í staðfestingarmáli sem höfða þarf innan viku, að öðrum kosti fellur lögbannið niður. Má þannig segja að með því að fallast á lögbannskröfu sé embættið að frysta tiltekið ástand meðan málið er til meðferðar hjá dómstólum.

SÍÐA: 2/2

Um lögbannsmál er fjallað hjá sýslumönnum og hjá embætti Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu eru það lögfræðingar á Fullnustusviði embættisins sem hafa þau verkefni með höndum. Sýslumaður ber fullt traust til þeirra.



Þórólfur Halldórsson

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu